

2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktarinnar er kr. 4.000.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 5. mars 2001.

Kristinn Jónasson bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld í Fellahreppi.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign í Fellahreppi, eða leigir slíka eign sem holræsi hefur verið lagt í og tengt er fráveitu í eigu sveitarfélagsins, ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

2. gr.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,15% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 94/1976, með síðari breytingum.

3. gr.

Sé ekkert mannvirki á lóðinni eða mannvirki eru ekki tengd fráveitu í eigu sveitarfélagsins greiðist ekkert holræsagjald.

4. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð eða eignarland er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með veði í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga þess með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði án tillits til eigendaskipta.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Fellahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsagjöld í Fellahreppi nr. 209/1978, samanber reglugerð nr. 63/1995.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. febrúar 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.